

FUNDARGERÐ

Annar fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey haldinn í fjarfundi á Teams fimmtudaginn 26. september 2024 kl. 11:00.

Mættir:

Ingibjörg Marta Bjarnadaóttir og Halla Einarsdóttir, Umhverfisstofnun
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun
Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarfélagið
Halla Svavarsdóttir, Vestmannaeyjabær
Ólafur Einar Lárusson, Vestmannaeyjabær
Lilja Gunnarsdóttir, Hafrannsóknarstofnun

Forföll

Svanhildur Egilsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, Umhverfisstofnun

Dagskrá fundar:

- Erindi frá teymisstjóra hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun um viðbrögð við bráðamengun í hafi við Surtsey
- Fara yfir áætlunina og vinna efni fyrir frekari textavinnu
- Annað

Efni fundar:

Í fyrsta fundi samstarfshópsins var samþykkt að í þeim tilfellum þar sem skipaðir eru tveir fulltrúar frá sama aðila sé talið fundarfært þó annar aðilinn kemst ekki. Afstaða annars fulltrúa Vestmannaeyjabæjar átti eftir að koma fram um málið þar sem hann forfallaðist á þeim fundi. Fyrirkomulagið var kynnt fyrir honum og samþykkti hann fyrirkomulagið.

Í fyrri stjórnunar- og verndaráætlun Surtseyjar kemur fram í aðgerðaráætlun að stefnt skuli að því að viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa á landi og sjó í Surtsey verði tilbúin vorið 2016. Slík viðbragðsáætlun fyrir Surtsey hefur ekki verið unnin. Umhverfisstofnun vinnur eftir almennri viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar í hafi. Á fundinn kom teymisstjóri hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun sem kynnti m.a. viðbrögð og verklag við bráðamengun í hafi og svaraði spurningum.

Ræddur var möguleiki á að fá hafnarstjóra Vestmannaeyja á fund með samstarfshópnum til að fara yfir aðkomu Vestmannaeyjahafnar að bráðamengun við Surtsey.

Farið var yfir nokkra þætti í drögum áætlunarinnar sem samstarfshópurinn þarf að taka afstöðu til í frekari textavinnslu.

Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknarstofnun hafa sent Umhverfisstofnun upplýsingar sem setja þarf að setja inn í drög að áætluninni.

Næstu skref

Umhverfisstofnun vinnur úr upplýsingum og textum frá Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknarstofnun. Tengill á áætlunina verður sendur til yfirlstrar á samstarfshópinn.

Umhverfisstofnun sendir upplýsingar til Bjargveiðifélags Vestmannaeyja upplýsingar um að vinna við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Surtseyjar sé hafin.

Næsti fundur samstarfshóps verður miðvikudaginn 9. október kl. 13:00. Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 12:00.